

Garðabær
Hrönn Hafliðadóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabær, 6. ágúst 2024
Málsnúmer: 202406-0018/0020
MH

Efni: Arnarland – tillaga að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillaga

Vísað er í erindi frá Garðabæ, sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 7. júní 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016–2030 vegna uppbyggingarreits í Arnarlandi. Einnig barst beiðni um umsókn um deiliskipulag fyrir sama reit. Veitt er sameiginleg umsögn um aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagið.

Breyting aðalskipulagsins nær yfir landnotkunarreit 3.37 sem nú er skilgreindur fyrir verslun og þjónustu. Breytingartillagan felur í sér að svæðið verður skilgreint sem miðsvæði með þéttri byggð, með áherslu á atvinnurekstur, verslun og þjónustu í bland við íbúðabyggð.

Svæðið er óbyggt í dag og með uppbyggingu á svæðinu verður grónu, lítt röskuðu svæði raskað. Náttúrufræðistofnun var unnin á svæðinu við undirbúning deiliskipulags. Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að þar sé nokkuð fjölbreytt gróðurfar, m.a. birki og víðiplöntur, en alaskalúpína sé þar mjög útbreidd. Fuglalíf er metið fábreytt. Jökulruðningur einkennir jarðfræði svæðisins.

Náttúrufræðistofnun bendir á að í athugun sem stofnunin gerði sumarið 2023 á útbreiðslu friðuðu æðplöntutegundarinnar blátoppu (*Sesleria albicans*) á höfuðborgarsvæðinu kom í ljós að talsvert er af tegundinni í mólendisblettum á skipulagssvæðinu. Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni og í umhverfismatsskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir grænum svæðum innan hverfisins og í nærumhverfinu. Náttúrufræðistofnun leggur til að áhersla verði lögð á að halda í náttúrulegan gróður á þessum grænu svæðum með áherslu á vernd blátoppu, og gerðar séu ráðstafanir til að halda alaskalúpínu frá svæðinu. Ef ekki er hjá því komist að skerða búsvæði blátoppu á skipulagssvæðinu væri góð mótvægisáðgerð að halda lúpínu frá nálægum búsvæðum tegundarinnar sem eru í grendinni.

Í skipulagsreitnum er töluvert sílamáfsvarp. Varp sílamáfa er ekki friðað en með raski á svæðinu mun varpið færast annað. Mikilvægt er að framkvæmdir á reitnum hefjist utan varptíma, t.d. að hausti, til að valda ekki skaða á eggjum og ungum. Töluverð umferð fugla, t.d. and- og máffugla, er um svæðið enda auðugt fuglalíf á fjörusvæðum Kópavogs og í Kópavogslæk. Hafa ber í huga að háar byggingar á svæðinu geta aukið áflugshættu fugla.

Að lokum bendir Náttúrufræðistofnun á að á framkvæmdatíma þarf að gæta þess að losun jarðvegs og úrgangs af svæðinu auki ekki hættu á að alaskalúpína berist inn á gróðursvæði þar sem hún er ekki til staðar í dag, en hún er nú þegar mjög ágeng víða á höfuðborgarsvæðinu.



Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna eða deiliskipulagið.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

